

27. 07. 2016

Efni: Athugasemd við tillögu Verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um flokkun Skjálfandafljóts, Svartár og Suðurár í Bárðardal í verndarflokk í 3. áfanga rammaáætlunar.

Verndarfélag Svartár og Suðurár, kt. 680616-1750, Kambsvegi 1, 104 Reykjavík, vill árétta að niðurstaða Verkefnisstjórnar Rammaáætlunar 3. áfanga varðandi flokkun Skjálfandafljóts, Suðurár og Svartár í verndarflokk er í samræmi við markmið félagsins¹. Við vísum því til markmiða félagsins um verndun Svartár og Suðurár og teljum að í skýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar sé á mjög faglegan hátt sýnt fram á verndargildi þessara áa og Skjálfandafljóts sem heildar.

Þrátt fyrir fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Svartá, uppsett afl 9,8MW, sem SSB Orka ehf. hyggst standa fyrir, vill Verndarfélag Svartár og Suðurár undirstrika að hvergi skuli kvikað frá þeirri tillögu Verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um að Skjálfandafljót svo og Svartá og Suðurá verði í verndarflokki og vill í því sambandi benda á eftirfarandi.

Skipulagsstofnum ákvarðaði þann 18. febrúar 2016 að fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Svartá í Bárðardal og lagning jarðstrengs þaðan að Laxárvirkjun skyldu háðar mati á umhverfisáhrifum. Fram kemur í niðurstöðu Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð Svartárvirkjun kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með vísan til 1. og 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat umhverfisáhrifum.

Það er því ljóst að Skipulagsstofnun og Verkefnisstjórn Rammaáætlunar eru samdóma um að gæta skuli ítrustu varkárni í meðferð umrædds svæðis.

¹ Markmið Verndarfélags Svartár og Suðurár eru:

- Að beita sér fyrir verndun lífríkis og náttúrufars Svartár og Suðurár í Bárðardal í Suðurþingeyjarsýslu með eyjum, hólum og kvíslum, frá Suðurárbotnum og Svartárvatni allt að ósi árinna við Skjálfandafljót, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Suðurá og Svartá báðum megin.
- Að gæta lífríkis svæðisins þar með talið fiska, fugla, skordýra og annara lífvera svo og gróðurfars, og beita sér gegn öllum framkvæmdum er skaðað gætu lífríki svæðisins.
- Gæta þess að hvorki vatnsrennsli né farvegi Svartár eða Suðurár verði breytt.
- Að tilgreind svæði í 1.málgrein verði friðlýst og að fram fari ítarlegar rannsóknir á náttúrufari og lífríki svæðisins.

Vísað er til þess að umhverfisráðherra hefur greint frá því að skipaður verði starfshópur sem á að fjalla um hugmyndir um miðhálandisþjóðgarð og friðlýsingu smærri svæða. Verndarfélag Svartár og Suðurár mun leggja áherslu á að starfshópurinn fjalli um Svartá og Suðurá og umhverfi þeirra í því samhengi.

Verndarfélag Svartár og Suðurár telur að flokkun Svartár og Suðurár í verndarflokk eigi að standa. Engar forsendur eru til að breyta þeirri tillögu á meðan fyrrgreindur starfshópur hefur ekki skilað niðurstöðu sinni eða niðurstaða Skipulagsstofnunar liggur fyrir í því umhverfismatsferli sem fyrirhuguð virkjun í Svartá er.

Ennfremur á flokkun Svartár og Suðurár í verndarflokk að standa þar sem ekki liggur fyrir mat Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs á gildi Svartár og Suðurár og nánasta umhverfis með tilliti til hugsanlegrar friðlýsingar þar sem um einstakt svæði er að ræða, en norð-vestur-mörk Vatnajökulsþjóðgarðs liggja að landi Stórutungu í Suðurárhrauni og Suðurárbotnum. Vísað er til I. kafla 3. gr. b., c., d., og e. málsgreina svo og 46. gr. VII. kafla laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Að lokum vill Verndarfélag Svartár og Suðurár að eftirfarandi komi fram.

- Umhverfi Svartár og Suðurár, frá Suðurárbotnum að ármótum Svartár og Skjálfandafljóts, er einstakt á lands- og heimsvísu fyrir margra hluta sakir. Ekki einungis lega svæðisins, þ.e. hálandið og jaðar þess, heldur það sérstaka samspil lindarvatns, jarðmyndana, gróðurs og dýralífs sem gerir svæðið einstakt. Hér fer saman í hrjóstrugu umhverfi Ódáðahrauns, gróskumikill hálandisgróður, mikið skordýralíf og fjölskrúðugt fuglalíf, sumar tegundir fugla á valista og ábyrðartegundir okkar Íslendinga. Í Suðurá lifir bleikja og urriði en í Svartá er einn glæsilegasti urriðastofn landsins. Hér er um tiltölulega ósnortið landssvæði að ræða, aðeins að litlum hluta í byggð, þar sem þróun íslenskrar náttúru hefur náð fram að ganga á eigin forsendum. Svæðið er rómað fyrir náttúrufegurð.

Fyrirhugð virkjun Svartár mun valda verulegum óafturkræfum breytingum á vistkerfi hennar og nærumhverfi og skaða verðmætan svip Skjálfandafljóts, Svartár og Suðurár og nánasta umhverfis sem heildar.

- Helmingur þeirra náttúrugæða sem virkjunin myndi byggja á tilheyra ríkisjörðinni Stórutungu. Því er ljóst að almenningur hefur mikilla hagsmuna að gæta og gera þarf grein fyrir samningum um nýtingu vatnsréttinda gagnvart ríkisjörðinni Stórutungu.

Til að réttlæta slíka framkvæmd þurfa því að liggja að baki ríkir þjóðhagslegir eða svæðisbundnir þættir er varða atvinnu, verðmætasköpun eða orkuöryggi, sem meta þarf af óhlutbundnum þar til bærum sérfræðingum og gera grein fyrir niðurstöðum þeirra.

- Í ljósi aðstæðna – sérstæðs og viðkvæms náttúrufars og legu svæðisins í brún hálandisins við fjölfarna ferðamannastaði – er nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir hvernig staðið var að mati á hagrænu gildi jarðarinnar Stórutungu, Svartár, Suðurár og umhverfis sem heildar með tilliti til annarrar nýtingar, s.s. útivistar, veiði og ferðaþjónustu.

Með tilvísun í rannsókn faghóps verkefnisstjórnar, *Viðhorf ferðamanna og ferðaþjónustuaðila til virkjana í Skjálfandafljóti* sem unnin var af Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands er ljóst að fyrirhuguð Svartárvirkjunin myndi hafa neikvæð áhrif á ferðamennsku og útivist og draga mjög úr áhuga ferðamanna á að ferðast um svæðið. Virkjun þar myndi einnig draga verulega úr verndargildi vatnasviðs Skjálfandafljóts.

Fyrir hönd Verndarfélags Svartár og Suðurár

Jón Aðalsteinn Þorgeirsson formaður

